

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, 90
um að Krýsuvíkurkirkja skuli lögð niður og Krýsuvíkur- ^{21. okt.}
sókn lögð til Staðarsóknar í Grindavík.

Eftir ályktun héraðsfundar í Kjalarnesprófastsdæmi veitir ráðuneytið hérmeð, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugri herra, í bréfi, dags. 23. f. m., og með skírskotum til laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til að Krýsuvíkurkirkja í Kjalarnesprófastsdæmi verði lögð niður, að Krýsuvíkursókn verði lögð til Staðarsóknar í Grindavík, og skrautgripir og áhöld Krýsuvíkurkirkju verði afhentir Grindavíkurkirkju.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- 91
 sjóð stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar, útgefin á venjulegan 24. okt.
 hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. október
 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1369.00 — þrettán hundruð sextíu og níu krónur —, og er það gjöf vor undirritaðra hjóna, Andrésar Ólafssonar hreppstjóra á Brekku í Gufudalssveit og Guðrúnar Halldórsdóttur, til minningar um son okkar, stud. juris Halldór Hallgrím Andrésson, er andaðist í Reykjavík 28. apríl 1924.

91

24. okt.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og stendur undir stjórn Háskólaráðsins með þeim hætti, er hér segir á eftir.

3. gr.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í skuldabréfum Veðdeildar Landsbanka Íslands eða öðrum álíka tryggum verðbréfum. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Vextir af fé sjóðsins skulu allir leggjast við innstæðu hans fram til ársins 1934. Eftir þann tíma skal jafnan leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta af vöxtunum við innstæðu sjóðsins, en $\frac{3}{4}$ — þrjár fjórðu — hlutar vaxtanna koma þá til útborgunar, samkvæmt því, er segir í næstu grein hér á eftir.

6. gr.

Þá $\frac{3}{4}$ — þrjár fjórðu — hluta vaxta sjóðsins, er til útborgunar koma, skal árlega veita einhverjum nemanda lagadeildar Háskólans, til bókaþaupa eða sem námsstyrk, og skal fara eftir tillögum kennara deildarinnar um það, hver hljóta skuli styrkinn í hvert sinn. Styrkinn skal greiða styrkþega hinn 28. apríl ár hvert, af vöxtum næsta árs á undan, í fyrsta sinni hinn 28. apríl 1934, þegar liðin eru 10 ár frá dánardegi Halldórs heitins. Þegar vextir sjóðsins, þeir er til útborgunar koma, nema meiru en kr. 500.00 — fimm hundruð krónum — á ári, má veita styrk til tveggja styrkþega í senn, og síðan má fjölga styrkþegum um einn í einu fyrir hverjar kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —, sem árlegt úthlutunarfé sjóðsins hækkar um.

7. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Árbók Háskólans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brekku í Gufudalssveit, 10. maí 1929.

Andrés Ólafsson. Guðrún Halldórsdóttir.